

**Ed.**

**425. Nefndarálit**

[154. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá meiri hl. stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið en ekki orðið sammála. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, enda er þá gert ráð fyrir að staðið verði við yfirlýsingu þingflokka stjórnámálflokkanna sem er að finna á fylgiskjali sem er prentað með þessu nefndarálit.

Alþingi, 12. mars 1984.

Þorv. Garðar Kristjánsson,  
form., frsm.

Ragnar Arnalds,  
fundaskr.

Tómas Árnason.

Eiður Guðnason.

Salome Þorkelsdóttir.

Valdimar Indriðason.

**Fylgiskjal.**

**Úr greinargerð með frumvarpi um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 (105. löggjafarþing, 206. mál).**

Þingflokkar Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, sem að frumvarpi þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Að leggja fram með frumvarpi þessu, sem sérprentað fylgiskjal, „Skýrslu stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar“ (Reykjavík, janúar 1983). Þetta er gert í því skyni að almennar umræður fari fram um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ætti almennungi þá að gefast kostur á að tjá sig um þá endurskoðun þannig að afgreiðsla nýrrar stjórnarskrár geti orðið með vönduðum hætti að lokinni rækilegri umfjöllun.
2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. Meðal annars fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst.